

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Langanesbyggð.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkti tillögu að deiliskipulagi suðurbæjar Þórshafnar á fundi sínum 15. apríl 2025. Í skipulaginu eru settir fram skilmálar um framtíðaruppbyggingu á svæðinu og eru viðfangsefnin meðal annars skilgreining á núverandi lóðamörkum og nýjum íbúðar- og þjónustulóðum. Innan skipulagssvæðisins er jafnframt gerð grein fyrir breyttri veglínu Norðausturvegar með sameiginlegum undirgöngum fyrir reið- og útivistarstíg.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. Langanesbyggðar, 28. ágúst 2025.

Arnar Birgir Ólafsson skipulagsráðgjafi.

B deild - Útgáfudagur: 26. september 2025